

Nr. 4/1914

Ráðherra Íslands
fyrir hönd landssjóð
gegn
hreppsnefnd Eiðahrepps.

Dómur:

Hreppsnefnd Eiðahrepps höfðaði mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs til greiðslu á eftirstöðvum á sjúkrahússvístarkostnaði Gunnars nokkurs Sigfússonar þurfamamanns Eiðahrepps, að upphæð kr. 172.93. Var mál þetta dæmt í bæjarþinginu 31. júlí f. á., og var ráðherra f. h. landssjóðs dæmdur til að greiða hreppsnefndinni 82 kr. 50 aura með 5% ársvöxtum frá 28. febr. s. á. til greiðsludags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir ráðherra skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 31. janúar þ. á., og að fengnu leyfi til að koma fram með nýjar varnarástæður, krafist þess, að máli þessu verði vísað frá undirrétti, með því að málið heyri ekki undir úrslit dómstólans, heldur eingöngu undir úrslit umboðsvaldsins, en til vara hefir hann krafist, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann fyrir hönd landssjóðs verði sýknaður af öllum kröfum hreppsnefndar Eiðahrepps, og hreppsnefndin dæmd til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum.

Hin stefnda hreppsnefnd hefir, að fenginni gjafsókn fyrir landsyfírréttinum, gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 19. maí þ. á., og krafist þess, að gagnstefndi verði fyrir hönd landssjóðs dæmdur til að greiða hina upprunalega umstefndu upphæð kr. 172.93, svo og málskostnað fyrir undir- og yfirdómi eftir mati réttarins, eða

til vara, að undird' murinn verði staðfestur og aðalstefnandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi í aðalsök og gagnsök eins og málið væri eigi gjafsóknar- og gjafvarnarmál.

Tildrög málsins eru þessi:

Þurfamaður Eiðahrepps, Gunnar nokkur Sigfússon, var lagður inn á spítalann á Seyðisfirði 4. maí 1910. Var hann á þeim spítala samfleytt til 5. des. s. á. Þá var hann, að því er virðist, að tilhlutun stjórnarráðsins, fluttur á heilsuhælið á Vífilsstöðum. Var hann þar til dauðadags 22. ágúst 1911,

Kostnað við spítalavist nefnds þurfamanns telur hreppsnefnd Eiðahrepps hafa numið alls kr. 934.88, þar af hafi hreppsnefndin greitt kr. 661.88 fyrir spítalavist hans á Seyðisfirði, en kr. 270.00 fyrir veru hans á Vífilsstaðahælinu. Af kostnaði þessum telur Eiðahreppur sig eiga að greiða 200 kr. en landssjóð hitt, eða kr. 734.88, samkvæmt fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905, 77. gr. Af kostnaði þessum hefir stjórnarráðið úrskurðað, að landssjóði sé skylt að greiða kr. 515.45. Af kostnaði við dvöl þurfalingsins á Vífilsstöðum falla að eins kr. 226.50 á árið 4. maí 1910 til jafnlengdar 1911, svo að mismunurinn kr. 270 ÷ kr. 226.50 = 43.50 kemur hér eigi til greina, með því að þær koma til útborgunar, að því leyti sem landssjóði er skylt að greiða þær, á tímabilinu 4. maí 1911 til 4. maí 1912, sbr. 77. gr. fátækralaganna. Mismunur þess, er Eiðahreppur telur sig eiga réttarkröfu til, og þess er stjórnarráðið hefir samþykkt að greiða úr landssjóði fyrir kostnað af sjúkrahússvist nefnds þurfamanns á tímabilinu 4. maí 1910 til jafnlengdar 1911, sýnist því eftir skjölum málsins að vera kr.

934.88 ÷ 43.50 ÷ 200.00 ÷ 515.45 = kr. 175.93-
En 3 kr. af þessari upphæð dragast frá, með því að
stefndandi hefir eigi gert kröfu til þeirra. Kemur þannig
fram krafa stefnda kr. 172.93 og sundurliðast hún þannig:

1. Sérstök gæzla sjúklingsins meðan hann var
á Seyðisfjarðarspítala kr. 48.00
 2. Ferðakostnaður sjúklingsins, er hann var
fluttur frá Seyðisfirði á Vífilstaðahælið . — 33.00
 3. Útbúnaður sjúklingsins á Vífilstaðahælið . — 82.90
 4. Af reikningi spítalahaldara á Seyðisfirði . — 9.03
- Alls kr. 172.93

Um alla þessa liði athugast, að aðaláfrýjandi hefir
eigi neitað því, að hreppsnefnd Eiðahrepps hafi í raun og
veru greitt þá, heldur telur áfrýjandi þá annaðhvort óþarfa
eða landssjóði að minsta kosti óviðkomandi.

Það er að vísu hvergi í löggjöfni með berum
orðum lagt á vald umboðsstjórnarinnar að skera úr ágrein-
ingi milli sveitarstjórnar annars vegar og umboðsstjórnar-
innar hinsvegar um, hve mikið landsjóði beri að greiða
samkvæmt 77. gr. fátækralaganna í hverju einstöku
tilfelli, en hinsvegar virðist það liggja í hlutarins eðli og
allri tilhögun sveitarstjórnarmálefna hér á landi, að um-
boðsstjórnin hafi úrskurðarvald um það, hvort sveitar-
stjórn hagar framkvæmdum sínum hyggilega og forsvar-
anlega eftir öllum ástæðum, sem fyrir liggja í hvert skifti,
og þar sem umboðsstjórninni er í 76. gr. fátækralaganna
falið að úrskurða ágreining milli sveitarfélaga innbyrðis,
þá virðast þær ástæður, er liggja til grundvallar fyrir
þeirri tilhögun, ótvírætt benda til þess, að umboðsvaldið
hafi einnig úrskurðarvald um þær kröfur, er gerðar eru
á hendur landssjóði samkvæmt 77. gr. fátækralaganna

enda er ágreiningur út af þeim kröfum í eðli sínu alveg samkynja þeim ágreiningi, er rísa kann milli sveitarfélaga innbyrðis.

Það verður því að fallast á skoðun aðaláfrýjanda um, að ágreiningsefni það, er hér ræðir um, heyrir undir úrslit umboðsvaldsins. Ber því að fella hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm úr gildi og vísa málinu frá dómstóluuum.

Málskostnaður á eftir atvikum að falla niður.

Að því leyti sem málið hefir verið rekið sem gjaf-sóknarmál vottast, að málfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt, og ber hinum skipaða málaflutningsmanni þreppsnefndarinnar 25 kr. í máflutningskaup, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur er úr gildi feldur og víasast málinu frá bæjarþinginu. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður. Hinum skipaða málaflutningsmanni aðalstefnda fyrir yfirdómi, Sveini yfirréttarmálaflutningsmanni Björnssyni greiðist úr landssjóði málaflutningskaup fyrir yfirdómi kr. 25.00